

Samantekt vegna samræmdra könnunarprófa 2017

Aðdragandi og kynningar

Menntamálastofnun stóð fyrir ellefu kynningarfundum um allt land í byrjun febrúar sem voru öllum opnir og auglýstir með tölvupóstum til skóla, á heimasíðu MMS og á Facebook-síðum stofnunarinnar. Að auki var boðið upp á þrjá fjarfundi. Dagsetningar og fyrirkomulag prófanna var auglýst á mms.is og Facebook og sent til skóla í byrjun janúar. Þá voru einnig foreldra- og nemendabréf send til skólanna í lok janúar og sett á heimasíðu og Facebook-síðu MMS. Æfingapróf varð aðgengilegt og auglýst í sama mánuði. Þróun og breytingar á prófunum hafa verið ræddar í sérstökum samráðshópi um samræmd könnunarpróf. Í samráðshópnum sitja fulltrúar Félags grunnskólakennara, Skólástjórafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitafélaga, háskóla, Heimilis og skóla og Ungmennaráðs.

Ákvörðun um að færa ritun úr samræmdum könnunarprófum var tilkynnt til skóla, fræðslustjóra og skólaskrifstofa þann 27. febrúar eftir að breytingin hafði verið rædd m.a. á fundum með hagsmunaaðilum og öllum þeim kynningarfundum sem haldnir voru í aðdraganda prófanna.

Sú staðreynd að prófútgáfur eru tvær var rædd ítarlega á öllum kynningarfundum og hún kemur fram í framkvæmdahefti. Ástæða þess að notaðar eru fleiri en ein prófútgáfa er bæði til að auka próföryggi og taka frekari skref í þróun rafrænna einstaklingamiðaðra prófa.

Um framkvæmd

Fyrirlögn samræmdra könnunarprófa er nú lokið. Tölur þær sem gefnar eru upp hér að neðan eru samantekt á þátttöku en gætu breyst lítillega við lokaúrvinnslu.

	Fyrri hluti			Seinni hluti		
9. bekkur	Skráðir	Viðverandi	M. stuðningi	Skráðir	Viðverandi	M. stuðningi
	4141	3747	1156	4118	3716	1135
		90,5%	30,9%		90,2%	30,5%
10. bekkur	Skráðir	Viðverandi	M. stuðningi			M. stuðningi
	4204	3825	1119	4186	3800	1140
		91,0%	29,3%		90,7%	30,0%

- Í 9. bekk voru 4.141 nemendur skráðir skráðir í fyrri hluta prófsins og tóku samtals 3.747 nemendur próf, um 90 %. Þar af nýttu sér 1.156 nemendur stuðningsúrræði með lengdum próftíma og upplestri. Það er u.þ.b. 31 % af þeim sem tóku prófið.
- Í 10. bekk voru 4.204 nemendur skráðir í fyrri hluta prófsins og tóku samtals 3.825 nemendur próf, um 91 %. Þar af nýttu sér 1.119 nemendur stuðningsúrræði með lengdum próftíma og upplestri. Það er u.þ.b. 29 % af þeim sem tóku prófið. Í seinni hluta þreyttu 3800 nemendur próf, þar af 30,0% með stuðningi.

Nokkur vandamál komu upp við fyrirlögn prófanna en þau eru ekki talin hafa áhrif á niðurstöður þeirra. Á þriðjudeginum bárust stofnuninni 290 fyrirspurnir símleiðis og 86 fyrirspurnir

bréfleiðis. Sneru þær helst að því að sumir nemendur höfðu ekki fengið réttan prófkóða fyrir stuðningsúrræði. Ástæða vandkvæða með prófkóðann var forritunarvilla sem ekki uppgötvaðist fyrr en á þriðjudeginum en var leiðrétt þá um morguninn. Starfsmenn Menntamálastofnunnar leystu hvert mál fyrir sig í samvinnu við starfsfólk skóla.

Í nokkrum tilfellum komu upp vandamál þar sem hljóðskrár opnuðust ekki á réttan hátt. Ástæða þess var vegna uppsetningar tækja eða nettengingar skóla. Voru slík atvik leyst á skjótan hátt og hömluðu ekki próftöku einstakra nemenda.


Á miðvikudeginum bárust 180 fyrirspurnir símleiðis og 112 bréfleiðis. Snerust flestar fyrirspurnir um að nemendur voru ekki með réttan prófkóða. Fimmtudag og föstudag bárust um 30 fyrirspurnir símleiðis og svipaður fjöldi bréfleiðis.

Rétt er að hafa í huga að símtöl og skrifleg erindi skarast, þannig að ekki er endilega um einstök tilfelli að ræða.

Langflestar þessara fyrirspurna voru vegna prófkóða fyrir stuðningsúrræði og nokkrar fyrirspurnir tæknilegs eðlis og sneru einna helst að tæknibúnaði skólanna eða uppsetningu einstakra tækja.

Um stuðningsúrræði

Áberandi er aukning milli ára í fjölda nemenda sem nýta sér stuðningsúrræði. Sá fjöldi er um 30% fyrir báða árgangana.



Til upplýsingar má nefna að þau stuðningsúrræði sem að nemendur geta nýtt sér eru:

- Lestrarstuðningur: Nemendum sem eiga við lestrarörðugleika að stríða er gefinn kostur á upplestri á þeim hluta prófanna sem ekki skarast við þá færni sem verið er að meta hverju sinni. Lesnir verða allir þrír lestextar í íslensku í 4. og 7. bekk. Þegar óskað er eftir lestrarstuðningi verður hljóðskrá sem áður var á sér diskum aðgengileg nemandanum í prófinu.
- Stækkað letur: Nemendum sem eiga við lestrarörðugleika að stríða og sjónskertum nemendum er gefinn kostur á stækkuðu letri í prófi. Notaðar eru leturstærðir 20 og 24 punktar og er steinskrift notuð.

-
- Túlkun fyrir mæla: Nemandi sem hefur annað móðurmál en íslensku getur farið fram á að prófatriði og fyrir mæli prófanna verði þýdd af túlki. Skóli sér þá um að útvega túlk. Ef nemandi nægir að hafa hugtakalista í stærðfræði þá telst það ekki stuðningsúrræði og óþarfi að sækja um það sérstaklega. Hugtakalista eru einnig til á 14 tungumálum.
 - Viðbótarpróftími: Öllum skilgreindum stuðningsúrræðum fylgir viðbótarpróftími, 15 mínútur í 4. og 7. bekk. Einnig er unnt að sækja sérstaklega um lengdan próftíma sem sjálfstætt stuðningsúrræði. Slíkt úrræði er einungis ætlað nemendum með námserfiðleika sem þiggja ekkert annað stuðningsúrræði.

Hafa ber í huga að Menntamálastofnun er í miðju innleiðingarferli á rafrænum samræmdum könnunarprófum. Þær breytingar sem nú standa yfir eru fyrstu skref í þróun á þessari prófagerð.

Menntamálastofnun hefur lagt sig fram um að svara öllum fyrirspurnum eins fljótt og hægt er, hvort sem það er í gegnum síma, tölvupóst eða á samfélagsmiðlum. Aðgengi að sérfræðingum stofnunarinnar hefur verið mikið og þeim sem þurft hafa á aðstoð að halda hefur reynst auðvelt að ná til stofnunarinnar.

Innihald prófa

Við fyrirlögn samræmds könnunarprófs voru notaðar tvær prófútgáfur. Litið er svo á að hugtakið próf feli í sér skilgreiningu á því hvað mæla á, umgjörð þess og innihald. Prófútgáfur eru búnar til út frá þessum skilgreiningum og mæla sömu þætti með sambærilegum hætti. Þannig eru valdar spurningar sem reyna á sömu færni í hvorri útgáfu prófsins, t.d. að finna rúmmál í stærðfræði, skilja tilfinningar persónu í lestri og bókmenntum eða átta sig á merkingu orðs í samhengi í ensku.

Þörf var talin á ólíkum útgáfum til að tryggja öryggi prófsins þar sem prófað var yfir tveggja daga tímabil og vegna þess að í sumum skólum sitja nemendur þétt í tölvustofu. Einnig er þetta fyrsti hluti þess að byggja upp prófatriðabanka sem notaður verður við einstaklingamiðuð próf. Tilviljun réði hvora útgáfu prófsins nemendur þreyttu.

Samræmd könnunarpróf byggja á matsviðmiðum aðalnámskrár, þau eru almenn og miðast við lok unglingsstigs. Varasamt er að gefa út ítarlegri matsviðmið fyrir samræmd próf í 9. bekk svo að þau hafi ekki óþarflega stýrandi áhrif á skólastarf. Skörun er á prófatriðum milli nemenda í 9. bekk og í 10. bekk, um 70% atriða er sameiginlegur en hin 30% leggja áherslu á meira eða minna krefjandi verkefni eftir bekkjum. Sameiginlegi hlutinn spannar breitt hæfnisvið sem matsviðmið aðalnámskrár skilgreina. Prófatriði sem sniðin eru að hvorum bekk fyrir sig gera kleift að bæta við mismunandi áherslum eftir því sem við á. Í stað þess að birta prófspurningar eru svör nemenda sýnd ásamt upplýsingum um þá hæfni sem spurningin reynir á, samanber myndina hér að neðan.

Dæmi	Svar*	Flokkur	Innihald	Útskýring
Sp.01	0	RA	samlagning án þess að geyma	Opið dæmi. Samlagning tveggja tveggja stafa talna án þess að geyma. Sambærilegt við: $78+21=$
Sp.02	0	RA	frádráttur án þess að taka til láns	Opið dæmi. Frádráttur tveggja þriggja stafa talna án þess að taka til láns. Sambærilegt við: $896 - 745 =$
Sp.03	0	RA	samlagning þarf að geyma	Opið dæmi. Samlagning þriggja stafa tölu og tveggja stafa tölu þar sem geyma þarf tvisvar. Sambærilegt við: $657 + 74 =$
Sp.04	0	RA	samlagning þarf að geyma	Opið dæmi. Samlagning þriggja talna, þriggja stafa tölu, tveggja stafa tölu og stakrar tölu. Dæmið er ekki upp sett og það þarf að geyma. Sambærilegt við: $578 + 83 + 7 =$
Sp.05	0	RA	frádráttur taka til láns	Opið dæmi. Frádráttur tveggja þriggja stafa talna þar sem þarf að taka til láns tvisvar. Sambærilegt við: $845 - 796 =$

Tengsl samræmdra könnunarprófa við innritun í framhaldsskóla

Að gefnu tilefni skal áréttað að framhaldsskólar fá ekki sjálfgefinn aðgang að einkunnum nemenda úr samræmdum könnunarprófum. Þeir nemendur sem kjósa að veita skólunum aðgang að sínum einkunnum þurfa því að senda einkunnirnar ásamt öðrum viðbótargögnum með umsókn sinni í gegnum menntagatt.is. Hafa ber í huga að einungis tveir skólar, Verzlunarskóli Íslands og Menntaskólann í Reykjavík, hafa birt upplýsingar á heimasíðum um að þeir muni hugsanlega nýta sér þessi tilteknu viðbótargögn eingöngu í þeim tilvikum þegar velja þarf á milli margra nemenda með sömu eða sambærilegar skólaeinkunnir.

Skólaeinkunnir úr kjarnagreinum (íslensku, ensku og stærðfræði) við lok grunnskóla verða eftir sem áður það sem fyrst og fremst liggur til grundvallar inntöku skólanna.